

Ed.

53. Frumvarp til laga

[45. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Flm.: Alfreð Gíslason læknir, Björn Jónsson.

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn á aldrinum 16—67 ára, sem eru varanlegir öryrkjar.

Ef örorkan er 50% eða meira, greiðist hálfur örorkulífeyrir fyrir 50% örorku, hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig, sem við bætist, unz örorkan nemur 75%, þá greiðist fullur lífeyrir.

Örorkulífeyrir er jafnhár ellilífeyri, sbr. 13. gr., og greiðist samkvæmt sömu reglum, eftir því sem við getur átt.

Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra, sem sækja um örorkubætur.

2. gr.

Á eftir 71. gr. laganna bætist ný grein, svo hljóðandi:

Allar bótagreiðslufjárhæðir laga þessara skulu frá 1. júlí 1961 hækka um 13,8% og með þeirri hækkun teljast grunnupphæðir miðað við vísitölu framfærslukostnaðar 1. marz 1959. Í janúar 1962 skulu bótaupphæðir breytast í samræmi við þá breytingu, sem orðið hefur á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. marz 1959 til 1. desember 1961, og síðan mánaðarlega til samræmis vísitölu framfærslukostnaðar í byrjun næsta mánaðar á undan.

3. gr.

Aftan við lögin bætist ný grein, svo hljóðandi:

Frá 1. janúar 1962 skal landið allt vera eitt verðlagssvæði og bætur hvarvetna hinar sömu og þær yrðu samkvæmt ákvæðum um 1. verðlagssvæði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförunum þingum hafa fulltrúar Alþýðubandalagsins lagt á það áherzlu að fá bætt úr ýmsum augljósum vanköntum á lögnum um almannatryggingar, og flutt allmargar tillögur, er hníga í þá átt. Þannig höfðu þeir lengi barizt fyrir því, að hin ranglátu skerðingarákvæði í 22. gr. laganna yrðu afnumin, og loks tókst það í árslok 1960. Sá agnúi er nú horfinn úr lögnum, en hann var ekki sá eini, og því má ekki láta staðar numið.

Í lögum um almannatryggingar er gerður munur á örorku, hvað bætur snertir, eftir því, hvort slys eða sjúkdómur hefur valdið henni. Ef slys hefur valdið örorkunni, skal lífeyrir greiddur, svo framarlega sem hún er 50% eða meiri. Sé örorkan hins vegar af völdum sjúkdóms, eiga öryrkjarnir ekki lagalegan rétt á lífeyri, nema örorkan sé 75% eða þar yfir. Að vísu er Tryggingastofnuninni heimilt að verja vissri fjárhæð til styrkja handa þeim sjúklingum, sem misst hafa 50—75% starfsorku sinnar, en heimild er ekki sama og skylda. Hér er því um misræmi að ræða, sem er óviðfelldið og til þess fallið að vekja réttmæta óánægju.

Í 1. gr. frumvarpsins er þetta misræmi leiðrétt og þar ákveðið, að lífeyrir skuli greiddur samkvæmt sömu meginreglum, hvort heldur örorkan er orðin til fyrir sjúkdóm eða slys.

Í 2. gr. frumvarpsins er ekki aðeins gert ráð fyrir, að allar bótaupphæðir laganna hækki um 13.8% frá 1. júlí 1961, heldur er þar svo ákveðið, að þær þannig hækkaðar skuli skoðast sem grunnupphæðir miðað við vísitölu 100 1. marz 1959 og að þær frá og með janúar 1962 greiðist með fullri vísitöluuppbót.

Með hækkun bóta almannatrygginga í marz 1960 var að verulegu leyti bætt úr margra ára ranglæti, sem bótaþegar höfðu mátt þola. Miklu meira en það var ekki að gert með þeirri hækkun. Síðan hefur dýrtið aukizt jafnt og þétt og að sama skapi skert þær kjarabætur, sem fengust með hækkuninni. Ávinningurinn var því orðinn smár á miðju ári 1961. Síðan hefur dýrtið enn færzt í aukana, einkum eftir síðustu gengislækkun, og raunar nú þegar étið upp að fullu þá 13.8% hækkun, sem ráðgerð er frá 1. júlí. Þess vegna er óhætt að segja, að betur má, ef duga skal, og þess vegna er gert ráð fyrir í þessu frumvarpi, að bætur verði frá næstu áramótum greiddar með fullu álagi samkvæmt gildandi vísitölu framfærslukostnaðar.

Þriðja tillagan í frumvarpinu er á þá leið, að landið allt skuli frá byrjun næsta árs vera eitt verðlagssvæði, er samsvari fyrsta verðlagssvæði. Skiptingin í tvö verðlagssvæði með mismunandi háum bótum á engan rétt á sér, og munu raunar flestir, er til þekkja, orðnir sannfærðir um það.

Fjölskyldubætur eru nú jafnháar hvar á landniú sem er, og sama á að réttu lagi að gilda um allar aðrar bætur trygginganna. „Skipting landsins í verðlagssvæði getur ekki lengur talizt réttmæt,“ segja alþingismennirnir Sigurður Bjarnason, Birgir Finnsson og Guðlaugur Gíslason í nefndaráliti í marz 1960. Ef samherjar þeirra á þingi eru sama sinnis í þessu efni, á að reynast auðvelt að ganga nú þegar af þessari ranglátu skiptingu dauðri.

Flutningsmönnum þessa frumvarps er ljóst, að fleira í lögum um almannatryggingar þarfnast breytinga en hér er upp talið, enda hafa þeir áður flutt tillögur um slíkar breytingar. Hér hafa verið valin þrjú atriði, sem eru mjög mikilsverð frá sjónarmiði bótaþega og ættu í allra augum að vera sanngirnismál. Fáist leiðrétting á þessum atriðum, svo sem hér er lagt til, má það teljast góður áfangi, þótt hins vegar verði ekki látið staðar numið til lengdar, fyrr en allir stærstu vankantar laganna eru úr sögunni.